

VI. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Umsjónarmaður jarðeigna og dýraeftirlits skal láta handsama og taka í vörslu bæjarins búfé svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar. Ennfremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða látið hand-sama ágangsfénað en þeir skulu skýra umsjónarmanni jarðeigna og dýraeftirlits frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess, fódrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitnesku um handsömunina eða ef eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búfjár bæta það tjón, er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausagöngu fjár varðar það sektum og leyfissviptingu. Umhverfisnefnd gerir árlega tillögu til bæjarráðs um handsömunargjald vegna lausagöngu búfjár.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um búfjárhald í lögsagnaumdæmi Akureyrar nr. 141/1977.

Félagsmálaráðuneytið, 13. mars 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, sbr. 171/1987.

1. gr.

Grein 5.2. orðist svo:

Björgunarbúninga skal staðsetja ofan við aðalþilfar. Þegar það er eigi unnt án meiri háttar breytinga á skipinu er Siglingamálastofnun ríkisins heimilt að samþykkja aðra staðsetningu í skipum minni en 24 metrar mesta lengd.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 28. febrúar 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.